

REGLUGERÐ KLÍ UM BIKARKEPPNI LIÐA

1. grein

Bikarkeppni liða skal haldin árlega í karla- og kvennafllokki.

2. grein

Rétt til þátttöku hafa öll lið sem starfa innan vébanda Keilusambands Íslands. Hverju liði er heimilt að senda tvær sveitir til Bikarkeppninnar, A og B sveit. Félög skulu tilkynna þátttöku liða í Bikarkeppni liða eigi síðar en 15. maí fyrir eldri lið og 31. júlí fyrir ný lið á þar til gerðum eyðublöðum.

3. grein

Bikarkeppnin skal fara fram samhliða Íslandsmóti liða. Keppt skal eftir útsláttarfyrirkomulagi. Hver viðureign skal vera a.m.k. þrjú leikir með möguleika á fjórða leik til að fá úrslit og síðan framlengingu, sjá hér á eftir. Það lið sem fyrr vinnur þrjú leiki telst sigurvegari. Ef skor liða er jafnt í einhverjum þessara leikja skulu liðin spila 9. og 10. ramma þar til úrslit liggja fyrir. Ef hvort lið hefur unnið tvo leiki að loknum þessum fjórum leikjum skal framlengt. Framlenging skal vera 9. og 10. rammi þar til úrslit liggja fyrir.

4. grein

Draga skal í næstu umferð sem fyrst eftir að umferð er lokið og aldrei síðar en tveimur vikum fyrir umferðina. Dregin skulu tvö og tvö lið saman. Það lið sem fyrr er dregið úr pottinum skal fá heimaleik. Lið í neðri deildum fær þó alltaf heimaleikinn til sín þar til komið er að undanúrslitum. Lið í 1. deild hefja þátttöku í 32ja liða úrslitum. Bikarmeistarar taki ekki þátt í forkeppni sem haldin er til að jafna liðafjölda (þ.e. ef lið þarf að sitja yfir þá gera bikarmeistararnir það). Úrslitaleikir karla og kvenna skulu leiknir á sama stað á sama tíma. Leikstaður skal ákveðin af mótanefnd í upphafi móts.

5. grein

Fyrir hverja viðureign skulu fyrirliðar eða staðgenglar þeirra skrifa á leikskýrslu nöfn þeirra leikmanna sem eiga að vera í keppnisliði liðsins í viðureigninni (mest 7 menn, minnst 3) og nafn aðstoðarmanns liðsins, ef einhver er. Eftir að viðureign er hafin má engar breytingar gera á keppnisliðinu.

Í lok viðureignar skal fyrirliði liðsins eða staðgengill hans fylla út skýrsluna með skortölum allra leikmanna í liðinu, undirrita hana og fá staðfestingu fyrirliða hins liðsins eða staðgengils hans um að skýrslan sé rétt fyllt út. Ef lið fyllir ekki út skorreiti eða samtalsreiti leikskýrslunnar er aganefnd KLÍ heimilt að refsliðinu með fjársekt. Eftir viðureign skal skila skýrslunni í póstkassa KLÍ.

6. grein

Leikmaður sem leikið hefur með A sveit liðs í Bikarkeppninni missir réttinn til að leika með B sveit liðsins í keppninni og öfugt.

7. grein

Ef löglega skipað lið er ekki mætt til keppni við lok upphitunar skal leikurinn úrskurðaður því liði tapaður. Sekta skal það lið, sem ekki mætir, um a.m.k. það sem nemur tvöfaldri brautarleigunni.

8. grein

Frestun viðureigna

Óski lið eftir frestun á viðureign í Bikarkeppni liða skal skrifleg beiðni þar um send mótanefnd með tölvupósti með minnst 7 sólarhringa fyrirvara, nema veigamiklar ástæður liggi fyrir frestunardegninni.

Veigamiklar ástæður eru:

1. Samgönguferfiðleikar vegna veðurs
2. Veikindi
3. Leikmaður/leikmenn eru fjarverandi á vegum KLÍ

Mótanefnd úrskurðar um fresti án tafar og tilkynnir fyrirliðum viðkomandi liða, svo og öðrum þeim sem málið kann að varða. Mótanefnd ákveður svo hvenær leika skuli frestuðu viðureignina og tilkynnir viðkomandi liðum. Lið það sem sækir um frestunina ber allan aukakostnað af frestuninni. Leitast skal við að frestaði leikurinn sé leikinn fyrir næstu umferð. Ef leikurinn hefur ekki farið fram innan 4. vikna frá upphaflegum leikdegi skal leikurinn settur á af mótanefnd. Ekki er hægt að biðja um frestun á þeim leikdegi.

Ef frestun er vegna veikinda skal hún ákveðin og tilkynnt með a.m.k. 3 klst. fyrirvara. Ef lið fær frestun, þá má það aðeins nota þá leikmenn, sem löglegir voru með liðinu, þegar leikurinn átti upphaflega að fara fram.

Mótanefnd getur veitt samþykki á breyttum leikdegi ef bæði lið eru því samþykkt og hafa fundið nýjan leikdag annað hvort fyrir áætlaðan leikdag eða áður en næsta umferð fer fram. Sækja verður um breytinguna með a.m.k. 7 sólarhringa fyrirvara fyrir áætlaðan leikdag eða umferðina sem leikurinn átti að fara fram í.

9. grein

Fjarveruskor

Fjarveruskor, *120 stig*, skal veitt því liði sem leikur með aðeins þrjá menn. Lið getur ekki hafið viðureign með færri en þrjá leikmenn. Ef leikmaður yfirgefur leik skal fjarveruskor hans, 120 stig, gilda út viðureignina, þ.e. hann fær 10% af fjarveruskori fyrir hvern þann ramma sem eftir er, nema varamaður komi inn á í hans stað í næsta leik. Seinir leikmenn fá 0 fyrir hvern þann ramma sem þeir missa af. Leikir sem samanstanda að hluta til eða alveg af fjarveruskori verða ekki teknir með við útreikning á meðalskori.

10. grein

Varamenn

Varamaður skal leika í sömu rásröð og maðurinn sem hann kemur inn á fyrir lék í. Varamenn mega aðeins koma inn á í nýjum leik, þ.e. eftir að 1., 2. eða 3. leik er lokið og áður en næsti hefst.

11. grein

Kærufrestur

Kærufrestur í bikarkeppni liða er 7 dagar.

12. grein

Framkvæmd Bikarkeppninnar skal vera í höndum mótanefndar KLÍ.

13. grein

Þátttökugjald í Bikarkeppni liða ákveður KLÍ í upphafi hvers keppnistímabils.

Breytt á þingi KLÍ 18. maí 2010 (8. grein útfærð af stjórn 28/5)